

Ársskýrsla

Framkvæmdaráðs Snæfellsness

2005

Eftirfarandi aðilar standa að verkefninu:

Snæfellsbær

Stykkishólmsbær

Grundarfjarðarbær

Eyja- og Miklaholtshreppur

Helgafellssveit

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull



Maí 2005

Myndir, uppsetning og prentun: Náttúrustofa Vesturlands
nema: ljósmynd bls. 8 eftir Írisi Huld Sigurbjörnsdóttur



Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Árangur af Staðardagskrá 21 og vottunarferli Green Globe 21	5
2.1 Sveitarfélögin sjálf	5
2.2 Umhverfismerki og vottun.....	6
2.3 Árangur umhverfisvinnu í skólakerfinu	6
2.4 Merkingar gönguleiða og áfangastaða.....	7
2.5 Umhverfismál í brennidepli – þátttaka samfélagsins.....	8
2.6 Orkumál.....	8
2.7 Ferðaþjónusta og þróun markaðssetningar Snæfellsness	9
3. Áhrif á önnur sveitarfélög innanlands og ráðstefnur	10
4. Kynning erlendis	10
5. Lokaorð	11



1. Inngangur

Í febrúar á síðasta ári var Framkvæmdaráð Snæfellsness formlega stofnað. Því er ætlað að fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af sveitarfélögunum í tengslum við vottunarferli **Green Globe 21**. Stærri sveitarfélögin þrjú skipuðu tvo fulltrúa hvert í ráðið, en þau minni tvö einn fulltrúa hvort. Að auki á þjóðgarðsvörður Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sæti í ráðinu. Fulltrúar í ráðinu á fyrsta starfsári voru:

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps, varamaður Hrefna Birkisdóttir.
Guðlaugur Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar, varamaður Smári Björnsson.
Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar, varamaður Eypór Björnsson.
Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins, varamaður Margrét Valdimarsdóttir.
Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, varamaður Ingibjörg T. Pálsdóttir.
Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, varamaður Gísli Ólafsson.
Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar, varamaður Benedikt Benediktsson.
Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, varamaður Davíð Sveinsson.
Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, varamaður Ragnheiður Valdimarsdóttir.

Þessi níu manna hópur hóf strax störf undir stjórn formanns, Guðlaugs heitins Bergmann, sem leiddi starfið allt til þess er hann féll frá í lok árs 2004. Menja gegndi stöðu varaformanns, Dagný var gjaldkeri og Guðrún ritari. Haldnir voru sex fundir undir stjórn Guðlaugs.

Í upphafi árs 2005 tók Guðrún G. Bergmann við formannsstöðu Framkvæmdaráðsins og hafa verið haldnir þrjár fundir undir hennar stjórn. Nýr fulltrúi Snæfellsbæjar í Framkvæmdaráðinu er Lydia Rafnsdóttir. Ekki hafa verið skipaðir nýir varamenn fyrir þær.

2. Árangur af Staðardagskrá 21 og vottunarferli Green Globe 21

Á undanförunum árum hefur náðst umtalsverður árangur í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála á Snæfellsnesi. Sum eftirtalinna verkefna tengjast Staðardagskrárstarfinu og voru komin í verkferli áður en gengið var til liðs við vottunaráætlun Green Globe 21. Önnur tengjast stefnumörkun sveitarfélaganna um sjálfbæra þróun umhverfis-, efnahags- og samfélagsmála, sem er beinn hluti af aðild þeirra að vottunaráætlun Green Globe 21.

2.1 Sveitarfélögin sjálf

- Undirrituð var sameiginleg stefnumótun sveitarfélaganna í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015.
- Viðmiðum Green Globe 21 var mætt, en þar með var stigið annað þrep af þremur í vottunarferlinu. Formleg afhending viðurkenningar fór fram á World Travel Market ferðasýningunni í London í nóvember 2004.
- Móttaka er nú þegar á flokkuðum dagblöðum og fernum í Stykkishólmi. Væntanlega tekin upp í Snæfellsbæ og Grundarfirði árið 2005.
- Þrjátíu heimili í Grundarfirði (9,5% heimila) hafa safntunnu fyrir lífrænan úrgang.
- Þrjátíu heimili í Stykkishólmi (7% heimila) hafa safntunnu fyrir lífrænan úrgang og er í undirbúningi átak til að fjölga þeim.
- Innkaup á umhverfismerktum skrifstofupappír hófust um áramótin 2004/2005 í öllum deildum sveitarfélaganna.
- “Vistvernd í verki” – um fimmtán heimili í Snæfellsbæ eru þátttakendur í gegnum samstarf við Soroptimistaklúbb Snæfellsness. Í upphafi Staðardagskrárstarfs fengu rúmlega tuttugu heimili (3,5% heimila) safntunnur fyrir lífrænan úrgang. Í undirbúningi er nýtt átak til að fjölga þeim sem nota safntunnur.
- Snæfellsbær hefur verið leiðandi aflu í Staðardagskrárvinnu á landsvísu og hlotið almennar viðurkenningar.
- Unnið er að því að skipta yfir í umhverfismerktar hreinsivörur í öllum deildum sveitarfélaganna.
- Stefnt er að því að finna aðrar lausnir en klór við hreinsun sundlauganna, fyrir árslok 2005.

2.2 Umhverfismerki og vottun

- Lýsuhólsskóli í Snæfellsbæ er með Grænfánann.
- Laugagerðisskóli í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur sótt um Grænfánann.
- Bæjarstjórn Snæfellsbæjar ákvað á bæjarstjórnarfundum í mars 2005 að allir skólar í bæjarfélaginu sæktu um aðild að Grænfánanum – bæði grunnskólar og leikskólar. Hefst verkefnið formlega haustið 2005.
- Höfnin í Stykkishólmi er með Bláfánann.
- Arnarstapahöfn hefur sótt um Bláfánann. Umsóknin er í vinnslu og fáninn væntanlega veittur árið 2005.
- Hótel Hellnar í Snæfellsbæ var árið 2002 fyrsta hótelið sem vottað var af Green Globe 21 hér á landi og er ennþá það eina.
- Suður-Bár í Grundarfirði er í fyrsta þrepi vottunarferlis Green Globe 21 fyrir gististaði.
- Ytri-Tunga í Snæfellsbæ er í fyrsta þrepi vottunarferlis Green Globe 21 fyrir gististaði. Allir ofantaldir gististaðir eru í Ferðapjónustu bænda.

2.3 Árangur umhverfisvinnu í skólakerfinu

- Stubbalækjarvirkjun við Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ. Verkefni í nýtingu umhverfisvænnar orku, sem nemendur og kennarar unnu. Framkvæmdin er afturkræf.
- Vatnshrútur við Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ. Verkefni í nýtingu á orku vatnsins, sem nemendur og kennarar unnu.
- Gróðurhús við Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ. Sameinuð nýting á vatnsorku (rafmagn) og affalli heits vatns frá skólanum til að hita gróðurhúsið. Verkefni sem nemendur og kennarar unnu.
- Vindmylla væntanleg við Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ. Áframhaldandi vinna að nýtingu umhverfisvænnar orku, sem nemendur og kennarar hafa unnið að.
- Þátttaka nemenda Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ á Orkuþingi grunnskólanema 2005, sem haldið var í Perlunni. Framlag þeirra vakti mikla athygli.
- Grein frá nemendum Lýsuhólsskóla í bæjarfréttablöðin á Snæfellsnesi um umhverfismerki á vörutegundum í verslunum.



2.4 Merkingar gönguleiða og áfangastaða

- Framkvæmdaráð Snæfellsness sótti um styrk til að merkja gönguleiðina um Kambsskarð í Snæfellsbæ. Pokasjóður veitti 500.000 krónum til verkefnisins.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness sótti um styrk til að merkja gönguleiðina upp á Drápuhlíðarfjall í Helgafellssveit. Ekki fékkst styrkur til verkefnisins.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness sótti um styrk til Ferðamálaráðs til að setja upp upplýsingaskilti við Kirkjufell í Grundarfirði. Styrkur að upphæð 300.000 krónur fékkst og er stefnt að því að ljúka verkinu fyrir 15. sept. 2005.
- Íbúafélög (Framfarafélög) í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi hafa unnið að merkingum og úrbótum, hvert í sínu sveitarfélagi, og halda þeirri vinnu væntanlega áfram.
- Gert er ráð fyrir að í sumar verði settar upp merkingar við innkomuna á Snæfellsnes með korti af Nesinu og upplýsingum um vottunarstöðu sveitarfélaganna.
- Sveitarfélögin hafa fjárfest í fánum með Green Globe 21 merkinu. Mun þeim verða flaggað við skrifstofur sveitarfélaganna og á öðrum opinberum stöðum.



2.5 Umhverfismál í brennidepli – þátttaka samfélagsins

- Í upphafi verkefnisins voru haldnir fundir í öllum sveitarfélögum, þar sem íbúar voru hvattir til að leggja fram tillögur að stefnumótun sveitarfélaganna. Þegar lengra leið á verkefnið var haldinn kynningarfundur um Green Globe 21 verkefnið fyrir aðila innan ferðapjónustunnar. Einnig hafa verið haldnir fundir samkvæmt séróskum íbúa á ákveðnum svæðum á Snæfellsnesi.
- Kynningarfundir um verkefnið hafa verið haldnir hjá félögum eins og Lions og Rotary í sveitarfélögum.
- Greinar hafa verið skrifaðar í bæjarblöðin til að örva íbúa Snæfellsness til þátttöku í umhverfisvottunarverkefninu sem leitt er af sveitarstjórnunum.
- Greinar hafa verið skrifaðar í bæjarblöðin til að fræða íbúa um ferli Green Globe 21 verkefnisins.
- Greinar um framgang verkefnisins hafa verið sendar í landsmálablöðin og í Skessuhornið.
- Stofnaður var Umhverfishópur í Stykkishólmi (framtak íbúanna) sem heldur mánaðarlega fundi. Félagsaðild er opin öllum.

2.6 Orkumál

Sótt var um styrk til Orkusjóðs til að kynna íbúum Snæfellsness orkusparnað. Ekki fékkst styrkur, en Orkusjóður bauð Snæfellsbæ þátttöku í rannsóknarverkefni þeirra og Háskóla Íslands, þar sem könnuð verður orkueyðsla heimila og fyrirtækja í Snæfellsbæ. Hefst verkefnið með haustinu 2005.

2.7 Ferðapjónusta og þróun markaðssetningar Snæfellsness

- Fimm helgarhátíðir eru haldnar á Snæfellsnesi: Vor undir Jökli í Snæfellsbæ í maí, Færeyskir dagar í Snæfellsbæ í júlí, Sandaragleði í Snæfellsbæ í ágúst, Á góðri stund í Grundarfirði í júlí og Danskir dagar í Stykkishólmi í ágúst. Þátttaka íbúa einkennist af stolti yfir eigin menningararfi og uppruna.
- Umtalsverð uppbygging hefur átt sér stað í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – merkingar, gestastofa o.fl. - hefur aukið mjög á ánægju ferðamanna af svæðinu og áhuga á að heimsækja það.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness vinnur að gerð sameiginlegs markaðs- og kynningarbæklings fyrir Snæfellsnes í tengslum við Green Globe 21 verkefnið.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness vinnur að gerð vefsíðu www.snaefellsnes.com sem í framtíðinni verður með kynningarefni fyrir allt Snæfellsnes, bæði hvað varðar ferðapjónustu og aðra þjónustu. Unninn hefur verið grunntexti fyrir vefsíðuna, en væntanlega verður hún fullbúin í samræmi við bækling haustið 2005.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness gefur árið 2005 út fjórblöðung fyrir Snæfellsnes til kynningar á helstu seglum Nessins.
- Unnið er að gerð áningarstaðar í skógræktarreit Heiðsynninga við Lágafell í Eyja- og Miklaholtshreppi.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness hefur sótt um styrk til Ferðamálaráðs Íslands í kynningarátakið: ÍSLAND - SÆKJUM ÞAÐ HEIM. Fáist styrkur verður unnið að sameiginlegri markaðs- og kynningaráætlun fyrir Snæfellsnes og lögð áhersla á að efla ferðapjónustu á jaðartímum í maí og september. Gert er ráð fyrir að Ferðamálaráð svari umsóknum eftir 31. maí 2005.
- Nýtt slagorð var valið fyrir Snæfellsnes: SNÆFELLSNES – TÖFRAR ÍSLANDS.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness sótti um styrk til Byggðastofnunar í verkefnið ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR og var markmiðið að nota þann styrk til að fjármagna kynningar- og markaðsmál Snæfellsness. Því miður fékkst ekki styrkur.
- Saminn var sameiginlegur texti fyrir Snæfellsnes í kynningarbæklinginn Activity, sem gefinn er út af Sagaz í Reykjavík. Er það í samræmi við stefnu sveitarfélaganna að kynna sig sameiginlega.
- Saminn var sameiginlegur texti fyrir Snæfellsnes í kynningarbækling Ferðamálasamtaka Vesturlands, þar sem landshlutinn var kynntur og fram kom að sveitarfélögin hafa náð öðru þrepi vottunarferlis Green Globe 21.



3. Áhrif á önnur sveitarfélög innanlands og ráðstefnur

Ýmis önnur sveitarfélög á landinu hafa sýnt mikinn áhuga á vottunarverkefni Green Globe 21 á Snæfellsnesi. Eftirtalin sveitarfélög hafa sýnt áhuga á að fá nánari upplýsingar um vottunarferlið:

1. Skagafjörður
2. Eystra Rangárþing, Ytra Rangárþing, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur
3. Egilsstaðir
4. Grindavík

Kristni Jónassyni, bæjarstjóra Snæfellsbæjar, var fyrir hönd Snæfellsness boðið að koma á ráðstefnu Ferðamálaráðs og Samgönguráðuneytisins um sjálfbæra þróun í ferðaþjónustu, sem haldin var 11. maí, og kynna árangur af Green Globe 21 verkefninu á Snæfellsnesi. Meðal annarra á fundinum var yfirmaður sjálfbærrar þróunar Alþjóðaferðamálaráðsins, Eugenio Yunis, sem í ræðu sinni lagði megináherslu á samstarf hins opinbera og einkageirans í sjálfbærri þróun.

4. Kynning erlendis

Verkefnið hefur vakið verðskuldaða athygli og verið kynnt á ráðstefnum erlendis.

1. Á fyrstu alþjóðlegu ráðstefnu Green Globe 21 um sjálfbæra þróun ferðamála í Kaikoura á Nýja-Sjálandi í mars árið 2004.
2. Á ráðstefnu Alþjóðaferðamálaráðsins um sjálfbæra þróun ferðaþjónustu og umhverfisvottunarkerfi í Marianzke Lazne í Tékklandi í september árið 2004.



5. Lokaorð

Sjálfbær þróun er hugtak sem verður sífellt mikilvægara og meira áberandi í umræðunni. Með því að ganga inn í vottunarferli Green Globe 21 hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi tekið forskot á önnur sveitarfélög í þeim efnum og skapað sér mikla sérstöðu, sem felur í sér sóknarfæri á mörgum sviðum.

Fyrsta starfsár Framkvæmdaráðs Snæfellsness var viðburðaríkt en óvænt fráfall formanns þess, Guðlaugs Bergmann, setti svip sinn á það. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður var samt haldið áfram á þeirri braut sem hann hafði átt mikinn þátt í að marka.

Framundan eru spennandi tímar á Snæfellsnesi og ljóst er að nokkur vakning hefur orðið um umhverfismál á svæðinu. Vonandi bera Snæfellingar gæfu til að nýta sér meðbyr verkefnisins til að halda áfram af fullum krafti á þeirri braut sem mörkuð hefur verið.